

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað neysla og hringrásarhagkerfið í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar




Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu








Nú þegar gert í skólastarfinu

Neysla og hringrásarhagkerfið



Hugur þekking



Hafið þið lært um heimsmarkmiðin? 			
Vitið þið hvað við þurfum til að lifa? 			
Vitið þið hvað neysla er? 			
Vitið þið afhverju það er nauðsynlegt að fara vel með hlutina okkar? 			
Vitið þið af hverju það er slæmt ef rusl liggur í náttúrunni? 			

Allt fer í ruslið



Sumt er flokkað, annað fer í ruslið



Hringrás, ekkert fer í ruslið



Hvaða kerfi haldið þið að sé best fyrir náttúruna?



Hjarta skólinn og samfélagið


Hvað er notað í skólanum?



Pappír



Plast



Málmur



Bækur



Bylgjupappi



Snuð





Gler

Eitthvað annað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. föt, skór, bleyjur, borð, stólar, diskar, litir).

- Þurfið þið að nota þetta allt?
- Hvað verður um þessa hluti þegar þið hættið að nota þá?



Ljósrita og prenta kennarar eins lítið og hægt er? 			
Skapið þið eitthvað með pappír eða umbúðum sem á að henda? 			









Farið þið heim með blaut föt í taupokum? 			
Farið þið heim með listaverk í pappírsmöppum eða fjölnota pokum? 			
Nota allir í skólanum (starfsmenn og börn) endurvinnslutunnurnar? 			
Farið þið vel með dótið í skólanum svo það skemmist ekki? 			
Notið þið handklæði eða litla klúta til að þurrka ykkur um munn og hendur? 			
Eru notaðar umhverfismerktar vörur eins og t.d. hreinsivörur?  			



Hendur aðgerðir



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við neyslu og hringrásarhagkerfið? 			
Farið þið stundum í gönguferðir og veltið fyrir ykkur ruslinu sem er í umhverfinu og hvaðan það kemur? 			
Farið þið stundum í gönguferðir og tínið upp rusl? 			
Passið þið upp á matarsóun með því að passa upp á að henda ekki mat og skammta ykkur sjálf hóflega? 			
Er ykkur sýnt hvernig hringrás virkar í leikskólanum t.d með moltu? 			
Er skiptimarkaður í leikskólanum fyrir notuð föt eða eitthvað annað? 			

Eruð þið að rækta eigin mat eins og t.d. kartöflur?			
Vitið þið hvað við þurfum til að lifa?			
Kemur fram í stefnu skólans að hann stuðli að hringrásarhagkerfinu t.d. með minni neyslu og meiri endurnýtingu?			

Hvað getur skólinn gert til þess að minnka neyslu með hringrásarhagkerfið í huga?